

DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2627

Miðvikudagur 8. desember 2021

54. árgangur



Gleðileg jól




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

Sérfræðingur í þéttbýlistækni

EFLA leitar að metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni í fagteymið þéttbýlistækni á starfsstöð EFLU á Suðurlandi (Selfossi). Í teyminu er unnið að margvíslegum verkefnum sem snúa að gatna- og veitukerfum, mæliblöðum og kortagerð, mælingavinnu, verkefnastjórn og eftirliti með framkvæmdum.

STARFSSVIÐ

- Mæliblöð, landskipti og kortagerð
- Líkangerð
- Skýrslugerð og samskipti við viðskiptavinum og hagaðila
- Verkefnavinna og ráðgjöf tengd þéttbýlistækni

HÆFNISKRÖFUR


- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af kortagerð og kortavinnslu er kostur
- Góð hæfni til samskipta og samvinnu
- Reynsla af þéttbýlistækni eða áhugi á sérhæfingu innan fagsins
- Góð færni í textagerð og miðlun upplýsinga

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Gildi EFLU eru hugrekki, samvinna og traust og leggjum við mikið upp úr því að fá til liðs við okkur kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk sem skapar fram úr á sínu sviði.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum ráðningarvef EFLU, www.efla.is/laus-storf, fyrir **15. desember 2021**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Daníelsson, svæðisstjóri EFLU á Suðurlandi (od@efla.is).

Guðni þakkar hlý orð í sinn garð

Á dögunum kallaði Guðni Ágústsson Sigurbjörgu Guðmundsdóttur frá Eyrarbakka til sín og færði henni bók sína Guðni á ferð og flugi, að gjöf. Gjöfin var þakklætis-vottur fyrir hlý orð en Sigurbjörg sagðist geta hugsað sér að prófa að vera Angela Markel valda mesta kona heims í einn dag eða Guðni Ágústsson. Guðni þótti vænt um athyglina enda Eyrbekkingur að ætt en Ágúst faðir hans fæddist þar og ólst upp til tíu ára aldurs á bakkanum. Sigurbjörgu kannast margir við úr Gettu betur en hún keppti með sigurliði Verslunarskólans síðasta vetur og var sunnlendingur vikunnar í Sunnlenska eftir sigurinn. Hún starfar nú við Grunnskólann á Eyrarbakka en eftir áramót flytur hún til Frankfurt í Þýskalandi og lærir þýsku.



Sigurbjörg Guðmundsdóttir og Guðni Ágústsson.

Samvera og gæðastundir á aðventunni



trítla saman í þvottahúsið og hjálpast að, baka, lita saman og fara út að leika. Það eru einmitt þessar minningar sem sitja eftir, ekki keypt ást og hamingja.

Lengi býr að fyrstu gerð

Ákjósanlegt er fyrir foreldra að hvetja til samverustunda fjölskyldunnar þegar börn eru ung og styðja við þau inn í unglingsárin eins og kostur er. Niðurstöður rannsókna sýna að börn og unglingar sem verja tíma með foreldrum sínum eru síður líklegir til að sýna ýmis konar áhættu hegðun. Við hvetjum foreldra og forráðamenn til að verja tíma með börnum sínum því samvera er besta forvörmin.

Það sem raunverulega skiptir máli

Fjölskyldur geta fengist við ýmislegt sem þarf ekki að kosta mikið og jafnvel ekki neitt. Aðalmálið er að fjölga samverustundum, sýna börnunum áhuga og hafa gaman saman. Að njóta saman inni eða úti í fallegu náttúrunni, upplifa og skapa dýrmætar minningar saman.

Eitt af geðorðunum er einmitt „hlúðu að því sem þér þykir vænt um“. Þar er átt við allt sem lifir, þarfnast umhyggju og ástar. Að geta veitt einhverjum þessa mikilvægu næringu fyrir sálina gefur okkur tilgang í lífinu auk þess sem það bætir líf annarra.

Með ósk um notalega og hamingjuríka aðventu.

Fyrir hönd
forvarnarteymis Árborgar,

Díana Gestsdóttir,
lýðheilsufulltrúi í
Sveitarfélaginu Árborg

Það er dýrmætt að vera minntur á mikilvægi samverunnar og að njóta hennar með þeim sem okkur þykir vænt um

Nú þegar desember er genginn í garð er gott að staldra aðeins við, minna sig á hvað aðventan og jólin snúast um og sjá til þess að það sem mestu máli skiptir komist fyrir.

Meiri hraði, auknar kröfur og spennu einkenna nútímasamfélagið og lífsgæðakapplaupið hefur líklega aldrei verið meira. Sífellt meiri hraði og sókn í efnisleg gæði. En það sem sést ekki í þessari baráttu og er raunverulega mikilvægast í þessu öllu verður undir. Börnin okkar, fjölskyldan og samverustundirnar með okkar nánustu.

Það er einmitt tíminn sjálfur sem skiptir máli - gæðastundirnar með okkar nánustu

Það þarf ekki að vera skipulögð skemmtidagskrá. Það eru einmitt litlu hlutirnir sem skipta máli, borða saman morgunmat,



JÓLAFATNAÐUR JÓLAGJAFIR

Við erum með lengri
opnunartímar
yfir hátíðina

Gleðilega hátíð

ALLTAF OPIÐ Í VEFVERSLUN OKKAR **TISKUVERSLUN.IS**

Munið
gjafabréfin
vinsælu

LEÐURHANSKAR
PONSJÓ
VESKI
SLÆÐUR
SKARTGRIPIR

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Gleðileg jól



Við óskum viðskiptavinum okkar og Sunnlendingum
öllum gleðilegra hátíða og farsældar á nýju ári með
þakklæti fyrir góð samskipti á árinu sem nú er að líða.

Kær kveðja,
starfsfólk Apóteks Suðurlands
Austurvegi 24-26, Selfossi

**APÓTEK
SUÐURLANDS**



Í tilefni af auknu vöruúrvali Artdeco
snyrtivara bjóðum við **20% afslátt**
af Artdeco vörum til jóla.

OPNUNARTÍMAR YFIR JÓL OG ÁRAMÓT:

Þorláksmessa	kl. 9 - 18
Aðfangadagur	kl. 9 - 12
Jóladagur	LOKAÐ
Annar í jólum	LOKAÐ
Gamalársdagur	kl. 9 - 13
Nýársdagur	LOKAÐ

Austurvegur 24-26, 800 Selfoss -Sími 482 1182 / 482 1102 - apotek@apoteksudurlands.is

Jólatré í stofu standa

Nemendur í ML skreyta gömlu jólatrén

Í Húsinu á Eyrarbakka stendur nú yfir jólasýning Byggðasafns Árnesinga. Þar eru gömlu íslensku jólatrén í forgrunni og ýmislegt annað sem minnir á jólin sem einu sinni voru. Á sýningunni í ár er þó ein skemmtileg nýjung: Þrjú jólatré skreytt af nemendum Menntaskólans að Laugarvatni og eru þau dásamleg viðbót.

Trén eru afrakstur samstarfs Byggðasafnsins og nemenda í íslensku í 3. bekk í ML.


Nemendurnir í ML veltu

fyrir sér jólahefðum fyrr og nú og leyfðu andanum að koma yfir sig. Afrakstur vinnu þeirra eru þrjú ólík tré, hvert með sitt þema. Eitt hverfist um orð og ljóð sem tengjast snjó, annað prýðir ný afbrigði af jólasveinavísunum gömlu og á því þriðja eru perlur minninga, æskuminningar nemenda sem tengjast jóluunum.

Samstarf af þessum toga er nú á dagskrá í annað sinn en fyrsta heimsóknin var í Vallaskóla á Selfossi í fyrra. Þá fengu

nemendur í 4. bekk trén til varðveislu og máttu útfæra þau eftir eigin höfði. Þeir bjuggu til fallegt jólaskraut á trén innblásið af englum, bjöllum og rúsínupokum fortíðar. Sýnishorn af skrautinu má enn sjá á jólasýningunni í ár.

Verkefnið er hluti af safnfræðslu Byggðasafnsins „Jólatré í skólstofu“ og stendur til að láta trén ganga á milli skóla ár eftir ár og nýta tækifærið til fræðslu- og samverustunda.





LÁTTU
OKKUR
STREYMA

- Öruggt streymi -

- Fagmennska -

- Traustur búnaður -

- Hagstætt verð -

PROMYND.IS - 774 2899 - PROMYND@PROMYND.IS

VIÐBURÐIR | FUNDIR | ÚTFARIR | TÓNLEIKAR | RÁÐSTEFNUR | ÍÞRÓTTIR



Sunnlenski
matgæðingurinn



Dröfn Hilmarsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.



Þá er desember kominn vel af stað með tilheyrandi jólabakstri. Ég er alin upp við að fá um 10 sortir af heimabökudum smákökum fyrir jólin og deili því með gleði tveimur af mínum uppáhalds tegundum frá mömmu.

Ískökur

Botnar:

500 g marsipan

500 g sykur

4 eggjahvítur

Þeyta saman sykur og eggjahvítur, blanda við niðurrifið marsipan. Sett í litla toppa á plötu. Baka við 150° í 10-12 mínútur.

Krem:

1/2 l rjómi, þeyttur

100 g makkarónukökur, muldar

4 msk sherry

Krem sett á kökur og þær frystar. Hjúpa með dökkum Opal hjúp. Frysta.

Sörur

Botnar:

200 g fínt malaðar möndlur

3 1/4 dl flórsykur

3 eggjahvítur, stífþeyttar

Blanda varlega saman. Setja í toppa á plötu. Baka í 15 mínútur við 180°.

Sjóða vatn og sykur í 8-10 mínútur svo myndist sýróp. Þeyta rauður og hella sýrópi varlega í. Þeyta vel. Mjúku smjöri bætt í, ásamt kakói og kaffidufti. Krema kökur og frysta. Hjúpa með súkkulaði. Frysta.

Auðveldlega er hægt að uppfæra þessa klassísku Söru-uppskrift í lakkris-Sörur, sem eru alls ekki síðri. Þá er kakóinu og kaffiduftinu skipt út fyrir lakkrisduft, t.d. úr Tiger eða frá Johan Bulow. Etv. bæta við söxuðu lakkriskurli, saman við kremið og sem skraut ofan á hjúpinn.

Ég þakka minni kærnu vinkonu Söndru Garðarsdóttur fyrir áskorunina og sendi boltann áfram á aðra góða vinkonu, Sigrúnu Völu Vilmundsdóttur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

»DAGSKRÁIN

FRETTABLAÐ SUBURLANDS

Útgefandi:

Prentmet Oddi,

Eyravegi 25, 800 Selfoss,

sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjóri:

Gunnar Páll Pálsson,

sími 856 0673, gunnar@dfs.is.

Auglýsingadeild:

Sími 482 1944,

auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.

Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsréttablaða.

ISSN 1670-407X



Vísingagátur-höf:

Ármann Dalmannsson

Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er manna mat á þér.

Mig af nefna leyfist ei.

Mörgum hjá ég amen er.

Ég er fengur hverri mey.

?

?

?

Svar við gátu í blaði 2626: LEIKUR

1. Sjónleikur - 2. Dansleikur - 3. Feluleikur - 4. Pantleikur

GRÓÐURHÚSIÐ

THE GREENHOUSE

Hótel | Mathöll | Verslanir | Kaffihús | Ísbúð | Matarmarkaður | Bar | Viðburðir



Verslaðu jólagjafirnar hjá okkur!

Opið til kl. 22 öll kvöld fram að jólum.

🌐 thegreenhouse.is

☎ +354 464 7336

📍 Austurmörk 6, Hveragerði

TAX FREE

9.12 - 13.12

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

ÖLLUM* VÖRUM!

*Gildir ekki af húsgögnum og Hay vörum

Auk annarra góðra tilboða!

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum. Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

PENNINN

Eymundsson



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður míns, bróður og mágs,

Kjartans Más Hjálmarssonar,
Hrísholti 18.



Alex Már Kjartansson
Victor Már Hjálmarsson Magnea Ingólfssdóttir
og fjölskylda.



Unubakka 3b • 815 Þorlákshöfn
Sími 483 3693 & 892 3742
tresmidjan@tresmidjan.is • www.tresmidjan.is

Vantar í vinnu smíði eða menn vana smíðavinnu. Mjög góð verkefnastaða

Allar upplýsingar veita Heimir í síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443 eða á tresmidjan@tresmidjan.is

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2021

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til **Menntaverðlauna Suðurlands 2021**. Frestur til tilnefninga er til miðnættis fimmtudaginn 6. janúar 2022 og þær skal senda á netfangið: menntaverdlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



Kærleikshjarta



Uppskrift:

Byrjið neðst á mynstrinu með því að hekla 17 loftlykkjur, heklið stuðul í 8. ll frá nálinni og einn st í næstu 6 ll, 2ll, 1 st í síðustu ll (eins og mynstrið segir til um). Snúið stykkinu og heklið 7 ll (mynda eina rúðu) og svo áfram eftir mynstrinu. Athugið að efst á hjartanu þarf að hekla hliðarnar (síðustu 4 umferðir) hvora í sínu lagi.

Þegar búið er að hekla hjartað er heklaður kantur utanum það. Hann er gerður þannig að heklaðar eru 2 ll, 2 st í reitinn sem endað var á, svo 1 kl í næsta boga, *3 st, 3 ll, 3 st í næsta boga, 1 kl í þar næsta boga* endurtakið * * allan hringinn, endið með 3 st, 2 ll, 1 kl í efri ll fyrsta stuðuls umferðarinnar. Gangið frá endum, skolið og bleytið með stífingarefni, strekkið og látið þorna.


Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir

Nú er sú hátíð að ganga í garð þegar okkur finnst gaman að skreyta hús og híbýli. Uppskrift vikunnar tekur mið af þessu, við heklum kærleikshjarta. Hjartað má hvort sem vill nota sem diskamottu, dúk eða sauma á púðaver og það má hekla úr alls kyns garni, glimmer eða einlitu, grófu eða fínu, það þarf bara að gæta þess að nota heklunál sem hæfir garninu.

Mynstrið er einfalt myndað af stuðlum og loftlykkjum. Grunnurinn er að fyrir hverja rúðu er stuðull heklaður í stuðul og 2 loftlykkjur á milli. Þar sem kross er í mynstrinu eru heklaðir 2 stuðlar á milli stuðlanna sem mynda rúðuna í stað loftlykkna. Athugið að í lok umferðar eru heklaðar 7 loftlykkjur sem mynda fyrstu rúðuna í næstu umferð.

Efni: 1 dk Glicer gyllt garn og heklunál no 2,0.

Skammtstafanir: 11-loftlykkja, st-stuðull, kl-keðjulykkja.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Kósýkvöld í Hveragerði

Kósýkvöld í Hveragerði er viðburður sem haldinn verður í fyrsta sinn miðvikudagskvöldið 8. desember milli klukkan 17 og 21. Um er að ræða samstarfsverkefni ýmissa fyrirtækja í Hveragerði sem standa fyrir fjölbreyttum viðburðum, fræðslu og tilboðum af þessu tilefni. Kósýkvöldið er kjörið tækifæri til að líta við í Hveragerði, röltu um bæinn, fanga jólaandann og njóta kvöldsins á rólegum nótum. Boðið verður upp á tónlistaratriði á völdum stöðum og jólasveinar verða á ferðinni með klementínur og góða skapið.

Hægt er að skoða nánari dagskrá inni á Facebook-viðburðinum Kósýkvöld í Hveragerði og heimasíðu Hveragerðisbæjar.



Kólumbus og eggid

Kristófer Kólumbus er einn frægasti sæfari og landkönnuður allra tíma. Hann ferðaðist mikið um Atlantshafið og Miðjarðarhafið áður en hann lagðist í Ameríkuferðirnar, sem hann varð frægastur fyrir, á árunum 1492-1502. Það er jafnvel talið að hann hafi komið til Íslands því vitað er að hann hafði góðar upplýsingar um landið og hafið í kringum það. Siglingar Kólumbusar til Ameríku þóttu mikið þrekvirkir og var hann mikið dádur og reyndar einnig öfunduður fyrir vikið.

Sagan segir að dag einn hafi Kólumbus verið í samkvæmi hjá spænskum aðalsmanni og að þar hafi öfundarmenn hans skemmt sér við að gera lítið úr því afreki Kólumbusar að sigla til Ameríku. „Það er lítið mál að finna Ameríku,“ sagði einn öfundar- maðurinn við Kólumbus, „að sigla bara þangað til rekist er á

þetta risastóra land. Hver sem er gæti gert það!“

Það er vafalaust alveg rétt, sagði Kólumbus. „Ég býst ekki við að það sé í rauninni neitt erfiðara en að láta hrátt hænuegg standa upp á endann á borðinu. Þú vildir kannski reyna það, kunningi?“

Nú var heimtaður sægur af hænueggjum handa öllum veislugestum og allir fóru að reyna að láta þau standa upp á endann á borðinu. En það var sama hvað menn reyndu og reyndu, engum tókst það. Eftir langa mæðu urðu allir að viðurkenna að þeir gætu þetta ekki og spurðu nú Kólumbus hvort að hann gæti það.

Við skulum nú athuga málið, sagði Kólumbus, tók eitt eggjanna og sló því léttilega í borðið, svo að annar endinn flattist dálítið út. Það var nóg til þess að eggid gat staðið upp-



rétt á borðinu. „Jaaaa... þetta er enginn vandi“, sögðu veislugestir „þegar maður veit hvernig á að fara að því ...“.

„Það er nú einmitt það“, sagði Kólumbus. „Það er heldur enginn vandi að finna Ameríku, þegar maður bara veit, hvernig á að fara að því.“ Þarna birtist einstök lausn á einstökum vanda, sem enginn kom auga á annar en Kólumbus.

Leyfum jákvæðri og skapandi hugsun að njóta sín um hátíðarnar og umvefjum fjölskyldu og vini kærleika og ást og látum öfundina, eina öflugustu orsök óhamingju mannsins, lönd og leið um alla framtíð.

Með jólakveðju til íbúa Sv. Árborgar og allra landsmanna, Tómas Ellert Tómasson bæjarfulltrúi M-listans í Sv. Árborg.



Klukkublóm fær góðar viðtökur

Í sumar opnaði Þórdís Dögg Auðunsdóttir blómabúðina Klukkublóm á Hellu. Að sögn Þórdísar hafði það lengi verið draumur hennar að opna eigið fyrirtæki, og blómabúð varð fyrir valinu, en hún hefur starfað við blómaskreytingar í nokkur ár.

Það hefur enginn blómabúð verið í Rangárvallasýslu

í mörg ár, og því fannst henni tilvalið að opna blómabúð á Hellu. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og íbúar eru þakklátir fyrir að fá þessa þjónustu í nærumhverfi sitt. Auk afskorinna blóma, stofublóma og blómaskreytinga fyrir öll tilefni, býður Klukkublóm upp á fjölbreytt úrval af skraut- og gjafavörum.

Nú í desember er gott úrval af jólablómum, jóla-skreytingum og leiðisgreinum með meiru. Klukkublóm er til húsa við Þrúðvang 36a, á móti gamla sláturhúsinu. Opið er alla daga fram að jólum og má finna upplýsingar um opnunartíma á Facebook-síðu Klukkublóma.



Laust starf kennara í vélvirkjun Fjölbrautaskóli Suðurlands

Auglýst er eftir 100% stöðu vélvirkja á vélvirkjabraut.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Annast kennslu í þeim námsáföngum sem honum er falið hverju sinni.
- Annast undirbúning kennslu í þeim áfanga/áföngum sem hann kennir.
- Skilar inn kennsluáætlunum áður en kennsla hefst í hverjum áfanga.
- Annast prófgerð og námsmat. Skrár viðveru nemenda hvern kennsludag í Innu og gefur öllum nemendum sínum miðannarmat.
- Situr fundi á sínu fagsviði undir stjórn sviðs- eða fagstjóra og fylgir ákvörðunum fundarins.
- Tekur þátt í þróunar- og umbótastarfi er lýtur að almennu skólustarfi og innan sinnar greinar.
- Framfylgir skólareglum FSU í umboði skólameistara. Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.
- Sækir sí- og endurmenntunarnámskeið innan utan skólans s.s. sumarnámskeið sem skipulögð eru af sí- og endurmenntunarstofnunum.

Hæfnikröfur

- Menntun í vélvirkjun eða skyldum greinum og/ eða iðnfræði.
- Leitað er eftir kennara sem getur kennt alla áfanga á vélvirkjabraut.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi leyfisbréf sem veitir rétt til að nota starfsheitið kennari sbr. lög nr. 95/2019.
- Kennslureynsla er kostur.
- Faglegur metnaður, frumkvæði, öguð vinnubrögð og jákvætt hugarfar.
- Mjög góð hæfni í samskiptum og ríkur samstarfsvilji.

Almennar upplýsingar

FSU er framsækinn og metnaðarfullur framhaldsskóli sem hefur gildin – *Fjölbreytni, sköpun og upplýsing* í hávegum. Nemendur skólans koma af öllu Suðurlandi með margvíslegan bakgrunn. FSU gegnir mikilvægu hlutverki í nærsamfélagi skólans, starfsandinn er góður og þar er mikill mannauður.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert. Tekið er mið af jafnréttisáætlun FSU við ráðningar í störf við skólann og eru öll kyn hvött til að sækja um.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi, afrit af prófskríteinum og leyfisbréfi kennara sé það til staðar.

Tilgreina skal meðmælendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Umsókn skal senda inn á skólameistari@fsu.is

Umsóknarfrestur er til og með þriðjudagsins 14. desember 2021.

Nánari upplýsingar veita:

Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari – skólameistari@fsu.is, 699 2125

Borgþór Helgason fagstjóri í vélvirkjun, borgthor@fsu.is, s. 697 3217

Á www.fsu.is er að finna allar helstu upplýsingar um skólann.

Skólameistari





Akrylmálun ehf. óskar eftir að ráða málara eða vanan mann til starfa.

Helstu verkefni eru:
Almenn málningarvinna,
spöslun og málun nýbygginga.

Menntun eða starfsreynsla í faginu er kostur.

Hafið samband í síma: 865-3508, Þórarinn

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus



ÖLFUS

Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í samræmi við 31. grein og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 af bæjarstjórn Ölfuss. Tillögurnar eru:

Breyting á deiliskipulagi Unu og Vesturbakki.

Efla ehf leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulaginu „Athafnasvæði vestan Öseyrarbrautar Unu- og Vesturbakki“. Deiliskipulagssvæðið er stækkað lítillaga og hefur tveim lóðum verið bætt við það að Hraunbakka 3 og 5.

Deiliskipulag fyrir Skæruliðaskálann í Ólafsskarði

Haukur Benediktsson hefur unnið deiliskipulagstillögu fyrir Skæruliðaskálann í Ólafsskarði við Jósepsdal sem gerir meðal annars ráð fyrir endurbýggingu skálans og lóð umhverfis hann.

Deiliskipulag fyrir Riftún í Ölfusi

Deiliskipulagstillagan fjallar um verslun og þjónustu á um 9,3 hektara svæði við Þorlákshafnarveg. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu tengdri ferðabjónustu, m.a. veitingarekstur, hestaleigu, ylrækt og baðlón.

Breyting á aðalskipulagsi í landi Riftúns í Ölfusi

Tillagan skilgreinir breytingu á landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði á um 9,3 hektara svæði við Þorlákshafnarveg og gerir ráð fyrir uppbyggingu tengdri ferðabjónustu, m.a. veitingarekstur, hestaleigu, ylrækt og baðlón.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 1. desember 2021 með athugasemdafresti til 13. janúar 2021. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir 13. janúar 2021.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Horfur góðar þó nú kreppi að

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar árin 2022-2025 var lögð fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar á Stokkseyri þann 1. desember.

Hörð efnahagskreppa, hraður vöxtur Árborgar og auknar kröfur íbúa til þjónustu sveitarfélaga eru verkefni sem blasa við sveitarfélaginu. Engu að síður eru horfur góðar. Valdelfing starfsfólks, styrking stafrænna innviða og stóru aukin áhersla á innra eftirlit og rekstrargreiningar hafa þegar skilað miklum árangri og munu straumlínulaga reksturinn enn frekar á næstu mánuðum og árum. Hallinn árið 2022 verður mikill, líkt og á yfirstandandi ári. Jöfnuði verður hinsvegar náð á árinu 2023 og skuldaviðmið komið í ásætlanlegt horf og á hraðri niðurleið árið 2025.

Halli samstæðu upp á einn milljarð árið 2022 er fyrirsjáanlegur og í fyrri umræðu er hann áætlaður 1.083 milljónir króna, þó vonir standi enn til að endanleg áætlun getið orðið hagstæðari. Það hefur mikil áhrif í rekstrarreikningi að verðbætur langtímalána hafa aukist um 450 milljónir á ársgrundvelli vegna efnahagsástandsins.

Umtalsverð kostnaðaraukning hefur auk þess átt sér stað vegna félagsmála og aukinna áherslna í barnavernd á landsvísi. Þá hefur sprenging í fjölda grunnskólakröfna tekið í. Vegna þunga verkefna ríkissjóðs hafa þar á ofan verið umtalsverðar skerðingar á framlögum jöfnunarsjóðs, bæði í almennum framlögum og til málaflokks fatlaðs fólks.

Eins og glöggst má sjá í áætlun árinna 2022-2025, sem hér er einnig lögð fram, mun þetta ástand taka enda. Gert er ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins geti náð jöfnuði árið 2023 og að árið 2025 verði skuldahlutfall skv. skuldaviðmiði sveitarfélaga komið niður í 134% og fari þá hratt lækkanði.

Þjónustuáherslur Svf. Árborgar hafa verið á fjölgun leikskólaplássna, gæði skólustarfs og eflingu félagsþjónustu og barnaverndar. Svo vel hefur tekist til í Árborg með þróun þjónustu í þágu barna að eftir er tekið á landsvísi og hefur starfsfólk annarra sveitarfélaga heimsótt okkur til að fá innsýn í það starf sem hér er unnið. Auk þessa hefur verið unnið afrek í að efla íþróttir og heilbrigði, með byggingu íþróttahúss sem rúmar hálfan knattspyrnuvöll og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Sérstaklega hefur verið ánægjulegt að sjá hve vel byggingin nýtist eldri borgurum.

Fjármagn þarf að fylgja fögnum fyrirheitum Alþingis

Síðustu ár hefur verið bætt verulega í framboð leikskólaplássna og hafa þau aukist umtalsvert í hlutfalli við íbúafjölda, með tilheyrandi kostnaði. Engu að síður er langt frá því að þörfum allra barna hafi verið þjónað. Börn í Árborg geta gengið að því vísu að komast að í leikskóla á aldrinum 16-18 mánaða, en öllum er ljóst að sjálfsögð krafa samfélagsins er að við 12 mánaða aldur, þegar fæðingarorlofi lýkur, eigi börn kost á leikskólaplássi. Þarna er því enn mikið verk að vinna. Um gríðarlegan



kostnað er að ræða, enda standa leikskólagjöld ekki undir nema rúmum tíunda hlut rekstrar-kostnaðar leikskóla.

Bæjarráð Árborgar hefur vakið athygli á því að undanfögnu að löggjafinn getur ekki ætlast til þess að sveitarfélög byggja upp leikskóla fyrir börn frá lokum fæðingarorlofs án þess að til komi fullnægjandi tekjustofnar. Það er fagnaðar efni að önnur sveitarfélög hafa tekið undir með Árborg og ljóst að ekki verður við þetta unað. Engir tekjustofnar hafa nokkurn tíma verið skilgreindir til sveitarfélaga vegna leikskólamála. Þó hefur Alþingi samþykkt að leikskólinn sé fyrsta stig menntunar og hafa sveitarfélög byggt upp leikskólustarf í samræmi við þá ákvörðun.

Ríkisstjórn og Alþingi þurfa að breyta sínu vinnulagi gagnvart sveitarfélögum og hafa að leiðarljósi að samþykktum stefnum og fögnum fyrirheitum þarf að fylgja fjármagn ef verkefni eiga að vinnast með góðum árangri.

Hafa fundið fyrir vaxandi áhuga

Umsóknarfresti um 34 lóðir sem auglýstar voru í nýju hverfi í Þorlákshöfn lauk 2. desember. Alls bárust 1.118 umsóknir um lóðirnar og þarf því að draga á milli áhugasamra.

Ellíði Vignisson bæjarstjóri segir að hann hafi sannarlega átt von á miklum áhuga en þetta fari langt fram úr þeim væntingum sem hann hafði. „Við höfum sannarlega fundið fyrir vaxandi áhuga á samfélaginu hér og auðvitað sagði það ákveðna sögu þegar upp kom sú staða fyrir fáeinum dögum að ekki ein einasta fasteign var til sölu í sveitarfélaginu. Á sama tími áttum við engar lóðir og það sennilega án fordæma að jafn stórt bæjarfélag og okkar sé uppselt. Áhuginn á lóðunum var því viðbúin en ekki svona mikill.“

Lóðirnar sem um ræðir eru í svokölluðu Vesturbergi sem verið er að byrja á við vesturenda Selvogsbrautar. Í fyrsta áfanga eru 4 smáfjölbýli, 18 raðhús og 13 einbýli og segir Ellíði að ásóknin hafi verið nokkuð jöfn. „Það er mikil samkeppni um all-

ar lóðir og líklegt að við verðum að finna nýjar leiðir til að úthluta þeim. Í gegnum tíðina hefur sjáldnast þurft að velja á milli umsækjenda en upp á síðkastið hefur okkur dagað spílastokkur, eða reyndar bara ein sort, til að draga á milli. Nú er sem sagt sú staða að okkur dugar ekki einu sinni allar sortirnar enda bara 52 spil í stokkunum. Við þurfum því að finna nýjar leiðir, sem er ekkert nema spennandi.“

Ellíði segir að svo gleðilegur sem þessi áhugi sé þá sé hann

líka ákveðin áskorun. „Við erum hér með mikið gæða samfélag í höndunum þar sem íbúar mælast þeir ánægðustu á landinu öllu. Það er staða sem við ætlum að verja. Um leið viljum við bjóða nýja íbúa velkomna. Ég reikna því með því að við ráðumst beint í næsta áfanga og getum innan fárra vikna boðið fleiri lóðir auk þess sem framkvæmdum við nýjan leikskóla og annarri innviðaupbyggingu verður flýtt.

-hafnarfretir.is



Ellíði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.

Hönnunarvefur **PRENTMETS ODDA** er kominn í loftið!

honnun.prentmetoddi.is

20% afsláttur af öllum pöntunum út
desember með kóðanum **OPNUN20**.



Myndabækur • Dagatöl • Kort
Ljósmyndir • Nafnspjöld • Stimplar

Sunnlendingar í jólasþingi

Helga Guðrún Lárusdóttir

Jólin mega koma þegar... kirkjuklukkur klingja kl. 18, 24. desember á Rás 1, þó ég sé með einn fót í sokkabuxum og hárburstann á lofti.



**Jólakaka með rúsinum eða brún lag-
terta?** Brún lagterta fyrir mig en Jólakaka með rúsinum fyrir afa Bjarna, allan ársins hring reyndar.

Jólaminningin mín er? Það kemur margt upp í hugann, fyrir mér eru jólin svo mikið tengd samveru með fjölskyldu og vinum, þar má sem dæmi nefna;

Afmælispartý þar sem allir slást um Aspasgubb (sorry nafnið en það heitir bara aspasgubb..) hjá afa Sídó á Þorlákssmessu.

Notalega aðfangadaga með mömmu, heima að elda og taka á móti góðum gestum.

Hressa, jafnvel spennandi aðfangadaga með pabba, þar sem við keyrðum alltaf til Reykjavíkur með pakka til föðurfjölskyldunnar sem er búsett þar og oftast en einu sinni leit út fyrir að við myndum verja jólinum tvö saman í miðjum skafli í Þrengslunum, en pabbi minn er fyrirmyndarökumaður og kom okkur alltaf heilum heim!

Í dag er hann reynslunni ríkari og fer frekar með pakkana á Þorlák eða þegar færðin er sémileg.

Hvað er á jólaborðinu? Á jólaborðinu er Hamborgarhryggur, brúnaðar kartöflur, gular baunir, sveppasósa, rauðkál frá ömmu eða mömmu, waldorf salat og fermingarfranskar, þessu svolgrum við svo niður með MaltogAppelsín.

Jólamynd eða jólabók? Maðurinn minn horfir alltaf á National Lampoon's Christmas Vacation og er búinn að smita mig af þeirri þörf, annars er ég mikill Grinch aðdáandi, það er ein þriggja ára nú þegar búin að horfa á hana að lágmarki 10 sinnum heima hjá mér þetta árið og desember er rétt að byrja!

Sylvía Karen Heimisdóttir

Jólin mega koma þegar... Jólaveinarnir koma til byggða



Jólakaka með rúsinum eða brún lagterta? Jólakaka með rúsinum

Jólaminningin mín er? Frá Þorlákssmessu þegar við systkinin fórum með pabba að bera út jólakortin á meðan mamma pakkaði inn jólagjöfunum okkar. Þegar heim var komið var jólatréð og húsið skreytt og þá fannst manni jólin komin.

Hvað er á jólaborðinu? Hamborgarhryggur, brúnaðar kartöflur, eplasalat og góð sósa, jólaöl og heimagerður ís í eftirrét.

Jólamynd eða jólabók? Jólamynd, the Holliday.

Guðrún Hafsteinsdóttir

Jólin mega koma þegar... þegar búin er að skipta á öllum rúmunum á heimilinu og hangikjötið kraumar á eldavélinni.



Jólakaka með rúsinum eða brún lagterta? Brún lagterta, engin spurning. Er ein af þeim sem skil ekki af hverju er verið að setja rúsinur í mat.

Jólaminningin mín er? Hátíðleikinn hennar mömmu

Hvað er á jólaborðinu? Á mínu heimili er alltaf lambakjöt og þá hryggur eða fille. Í forrétt er alltaf laxarós og í eftirrétt er sítrónu-búðingur ömmu minnar og eftir að ég eignaðist börn að þá er sömu leiðis súkkulaðimús því þegar þau voru lítil voru þau ekki svo hrifin af sítrónubúðingnum en kunna vel að meta í dag.

Jólamynd eða jólabók? Við mæðgur horfum nú eiginlega alltaf á Holiday en það eru heldur engin jól án bóka.

Hilmar Björgvinsson

Jólin mega koma þegar... við fjölskyldan erum búin að skreyta jólatréð á Þorlákssmessu og senda frá okkur jóla-kveðjur og pakka.



Jólakaka með rúsinum eða brún lagterta? Brún lagterta allan daginn. Rúsinur eiga ekki heima í kökum en eru mjög góðar súkkulaðihjúpaðar.

Jólaminningin mín er? Sú jólaminning sem er mér eftirminnilegust úr barnæsku er þegar kertasníkir kom og heimsótti heimili mitt á Háaleitisbraut í Reykjavík. Ætli ég hafi ekki verið um sjö ára og kertasníkir var nýbúinn að fá gefins kerti frá móður minni heitinni og hann bað um eld á kertið. Þar sem hann stóð á stigapallinum í blokkinni og spjallaði við okkur horfi ég á hann fara með eldinn óviljandi í skeggið sitt sem fór að brenna. Mikið var erfitt fyrir lítinn dreng að sjá kertasníki rífa af sér skeggið til að slökkva eldinn.

Hvað er á jólaborðinu? Svínahamborgarhryggur eða léttreiktur lambahryggur með sykruðum kartöflum og öðru tilheyrandi. Ekki má gleyma malti og appelsíni og heimagerðum jólaís eigikonunnar.

Jólamynd eða jólabók? Óútgefin bók sem fjallar um furu sem var svo kalt á adventunni að hún þráði að komast inn í hlýjuna hjá eigendunum. Furunn varð að ósk sinni og hún og íbúarnir áttu yndislegar samverustundir þessi jólin. Síðan var sagan um „Litlu stúlkuna með eld-spítturnar“ í miklu uppáhaldi hjá mér í æsku. Í seinni tíð elska ég að sofa yfir löngum og góðum jólamyndum.

Agnes Ósk Snorradóttir

Jólin mega koma þegar... ég er búin að eiga afmæli 10. nóvember. Á stundum erfitt með að vera til friðs þangað til. En eftir 10. nóvember þá stigmagnast jólagleðin hjá mér. Ég elska jólin og ekki síður adventuna.



Jólakaka með rúsinum eða brún lagterta? Er ekki mikið að borða sætindi en það er miklu sterkari hefð fyrir brúnni lagtertu bæði í uppeldinu og á mínu heimili. Lagtertann hjá mömmu er sko "next level" ég reyni ekki að baka hana sjálf.

Jólaminningin mín er? Ég er alin upp í stórum systkinahópi. En við erum 7 talsins. Það var því oft mikið líf og fjör á heimilinu..ekki síst í kringum jólahátíðina. Ég held að ein af dýrmætustu jólaminningunum mínum sé aðfangadagsmorgun þegar ég var lítil. Þegar við systkinin vögnuðum voru mamma og pabbi búin að skreyta allt húsið hátt og lágt. Tilfinningin að læðast berfætt niður teppalagðan stigan stigann og kíkja inn í stofuna á ljósum prýtt jólatréð var engri lík.

Hvað er á jólaborðinu? Hamborgarhryggur með "alles". Á jóladag er síðan hangikjöt og jólagrautur..allt frekar hefðbundið.

Jólamynd eða jólabók? Ég held að það sé komin hefð hjá mér á adventunni. Hef í nokkur ár lesið bókina Adventa eftir Gunnar Gunnarsson. Þetta er stutt bók og einföld aflestrar en full af baráttu, náttúruflum, kulda og vetri. Ég mæli með að lesa hana hægt, í smá skömtum og njóta vel..svona eins og að fá sér einn og einn konfektmola. Ég heyrði Ólaf Darra lesa hana á adventinni í fyrra og það var geggjað. Ég horfi yfirleitt á allar nýjar jólamyndir sem eru í boði t.d. á Netflix. En gamla góða Holliday er alltaf í uppáhaldi.

Bragi Bjarnason

Jólin mega koma þegar... ilmurinn af hamborgarahrygginum og brúnuðum karftölum leikur um eldhúsið



Jólakaka með rúsinum eða brún lagterta? Brúna lagtertan hefur alltaf verið í uppáhaldi

Jólaminningin mín er? Ein af þeim skemmtilegri er þegar pabbi setti alltaf upp jólatréð og ég og systur mínar skreyttum það og fengum síðan að setja alla pakkana undir

Hvað er á jólaborðinu? Hamborgarhryggur, brúnaðar kartöflur, heimagerð rauðkál og annað tilheyrandi (og ekki er það verra daginn eftir..)

Jólamynd eða jólabók? Bæði betra um jólin. Ég er ekki mikill bókaormur alla jafna en um jólin les ég alltaf 1-2 bækur og þá helst spennusögur. Jólamynd með fjölskyldunni er stór hluti af adventunni.

Gunna Stella

Jólin mega koma þegar... Ég er búin að horfa á nokkrar jólamyndir. Njóta adventunnar með fjölskyldunni. Baka skonsurnar og döðlubrauðið. Skreyta jólatréð og mæta í kirkju á aðfangadagskvöld.



Jólakaka með rúsinum eða brún lagterta? Það er nú erfitt að gera upp á milli en ætli ég myndi ekki velja brúna lagtertu. Það er svo jólalegt og bragðgott. Undanfarin ár hef ég bakað brúna lagtertu. Þær eru ekki eins fallegar og úr búð eða bakarí en bragðast vel.

Jólaminningin mín er? Ein af þeim sem mér dettur í hug er þegar ég laumaðist inn í brunaheldan skáp í vinnunni hennar mömmu rétt fyrir jólin. Við bjuggum í sama húsi og ég vissi að mamma geymdi jólagjafirnar þar. Ég var svo forvitin að ég ákvað að athuga hvað ég fengið í jólagjöf. Ég kíkta nú sem betur fer bara á einn pakka. Það var þessi líka flotti Adidas galli sem ég var himinlifandi með. Ég fékk hinsvegar mikið samviskubit yfir að hafa kíkt en þorði ekki að segja frá því þá. Ég ýkti því gleðiviðbrögðin þegar ég opnaði pakkann á aðfangadagskvöld og hoppaði af kæti. Ég hef aldrei laumast til að kíkja á hvað ég fæ í jólagjöf eftir það. Ég get sem betur fer hlegið yfir þessu í dag.

Hvað er á jólaborðinu? Ég verð nú bara svöng að hugsa um það. Við erum yfirleitt nokkuð mörg saman á aðfangadagskvöld og höfum stundum skipt á milli okkar eldamennskunnar til að einfalda. Það er misjafnt hvað við höfum í forrétt. Í fyrra gerði stjúpabbi minni ljúffenga humarssúpu og kom með til okkar. Í aðallrétt var Svínahamborgarahryggur sem bróðir minnsins mín gerði. Lambahryggur sem við sáum um og heimagerð laufabrauð sem stórfjölskyldan hafði græjað. Villisveppasósa sem hefur oftast verið með íslenskum villisveppum frá vinkonu minni. Brúnaðar kartöflur í hlýnsýrópi, rauðkál, baunir, asíur, súrar gúrkur og íslenskt smjör. Malt og appelsín í glerflösku þegar það hefur verið selt í búðum. Síðan er ostaskerari í smjörinu til að hægt sé að setja þykkt og gott lag af smjöri á laufabrauðið. Í eftirrét er yfirleitt möndlugrautur með heimalagaðri karamellusósu.

Jólamynd eða jólabók? Ég hef ekki lesið jólabækur fyrr en í ár. Ég las bókina Brúðkaup í desember sem var mjög hugljúf og góð. Síðan finnst mér nauðsynlegt að horfa á nokkrar jólamyndir. Mér finnst svo gaman hvað er búin til mikið af nýjum myndum sem tengjast adventunni og jólinum. Þær eru misgóðar en sú mynd sem ég gæti horft á árlega er myndin The Holiday. Hún er sorgleg, falleg, hugljúf, rómantísk og endar vel. Er ekki allt gott sem endar vel?



Vel heppnuð hátíðarhöld í Þorlákshöfn

Það var mikill ævintýrablaer í Þorlákshöfn miðvikudaginn 1. des. Þá var glæsilegur markaður í Versölum sem Slysavarnarfélagið Sigurbjörg sá um þar sem 25 aðilar voru með vörur sínar til sölu. Það sem börnin voru þó spenntust fyrir var jólaævintýrasýning í Skrúðgarðinum sem skartaði sínum allra fegursta vetrarbúning fyrir til efnið. Sýningin var liður í dagskrá í tilefni 70 ára afmælis Þorlákshafnar og öllum að kostnaðarlausu. Börnin fóru ásamt sínum forráðamönnum vopnuð vasaljosi í leiðangur um garðinn og hittu fyrir Hurðaskelli, Grýlu, Leiðindaskjóðu og Leppalúða sem öll höfðu sögu að segja sungu og skemmtu ungum sem og þeim eldri.



Jóla barnamyndagáta Dagskrárinnar



Skrifið lausn gátunnar hér:

Lausnir berist í síðasta lagi fimmtudaginn 30. desember 2021, merktar:

Jóla-myndagáta, Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss

Veitt verða ein verðlaun fyrir rétta lausn: Frostpinnaveisla frá Kjörís.

Ath! Gerður er greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóðum.

Nöfn vinningshafa verða birt í Dagskránni 5. janúar 2022

og þá um leið lausn myndagátunnar.



Jóla
myndagáta
Dagskrárinna

Lausnir berist í síðasta lagi
fimmtudaginn 30. desember 2021, merktar:

Jóla-myndagáta

Dagskráin, Eyra­vegi 25, 800 Selfoss

Veitt verða ein verðlaun fyrir rétta lausn:
Ísveisla frá Kjörís, þ.e. konfektísterta,
4 lítra mjúkis og 2 pk. íspinnar.

Nöfn vinningshafa verða birt í Dagskránni 5. janúar 2022 og þá um leið lausn myndagátunnar.

Ath! Gerður er greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóðum.

Höfundur myndagátunnar er
Eygló Gränz, eins og undanfarin 25 ár.



Skrifið lausn gátunnar hér:



Skólastjóri Sunnulaekjarskóla

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Sunnulaekjarskóla á Selfossi. Við leitum að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í ört stækkandi sveitarfélagi. Ráðið verður í stöðuna frá 1. apríl 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Veita skólanum faglega forystu
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Samstarf við fjölskyldusvið og ýmsa aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Þekking og árangursrík reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 13. desember 2021.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is eða í síma 480-1900 og Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Í Sunnulaekjarskóla eru um 700 nemendur í 1.-10. bekk og innan hans er starfrækt Sérdeild Suðurlands, Setrið. Í Sunnulaekjarskóla er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Lögð er áhersla á teymiskennslu í lærdómssamfélagi nemenda og starfsmanna þar sem virðing og traust ríkir. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er lykill að árangri. Einkunnarorð skólans eru gleði, vinátta og frelsi. Skólar og fjölskyldusvið sveitarfélagsins vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, öflug tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Nánari upplýsingar um Sunnulaekjarskóla má finna á vef skólans, www.sunnulaek.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.



VISS, vinnu og hæfingarstöð óskar eftir að ráða deildarstjóra á Hvolsvelli

VISS vinnu og hæfingarstöð óskar eftir að ráða deildastjóra í 55% stöðu frá 1. janúar 2022 sem getur aukist með vorinu. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu sem vinnur eftir hugmyndafræði „þjónandi leiðsögn“ og „sjálfstætt líf“. Um er að ræða nýja starfseiningu á Hvolsvelli sem hóf starfsemi í janúar 2021. Deildarstjórinn vinnur samkvæmt lögum 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Helstu verkefni eru :

- Daglegt utanumhald um rekstur og starfsemina
- Starfsmannahald
- Móta stefnu og markmið þjónustunnar í samráði við forstöðumann
- Verkefnaöflun og að verkefni sé við hæfi hvers og eins

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með fötluðu fólki
- Leiðbeina, styðja og hvetja
- Skapa öryggi og vellíðan á vinnustað
- Efling sjálfsákvörðunarrettar fatlaðs fólks

Hæfniskröfur:

- Menntun í þroskaþjálfara eða háskólapróf (BA/BS) á sviði uppeldis- eða félagsvísinda.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Leiðtoga og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga, þroskaþjálfafélags Íslands

Umsóknarfrestur er til 20. des. 2021

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir forstöðuþroskaþjálfari ragnhildur@arborg.is eða í síma 480-6920 og 899-7254

Umsóknum skal skilað á netfangið ragnhildur@arborg.is eða ljla@hvolsvollur.is

Rangárþing eystra er heilsueflandi samfélag í stöðugri sókn.

Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á samvinnu, virðingu og vellíðan á vinnustað.

Öllum umsóknum verður svarað.



Nóg að gera hjá lögreglunni á Suðurlandi

Sex af þeim öikumönnum sem lögregla hafði afskipti af í liðinni viku eru grunaðir um að hafa ekið bifreiðum sínum ölvaðir. Einn þeirra er jafnframt grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna en auk ofangreinds var einn ökumaður stöðvaður vegna gruns um fíkniefnaakstur. Ökumenn þessir voru flestir í Árnessýslu en einn þeirra ölvuðu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einungis 2 ökumenn voru kærðir fyrir að aka of hratt í liðinni viku og rekur þann sem þetta skrifar ekki minni til þess að það hafi áður gerst að ölunaraksturskætur séu fleiri en hraðakstursbrotin.

Ökumaður fólksflutningabíls sem stöðvaður var þann 3. desember gat ekki framvísað gögnum úr ökurita og var kærður vegna þess brots. Ökumaður annars fólksflutningabíls reyndist með útrunnin ökuréttindi og sætir kærnu vegna þess.

11 umferðarslys voru tilkynnt til lögreglu í liðinni viku. Í einu þeirra, þann 30. nóvember valt rúta á þjóðvegi 1 í Mýrdal en í henni voru 7 farþegar. Einn þeirra fluttur til aðhlynningar á heilbrigðisstofnun en aðrir lítið meiddir. Í öðru tilviki varð árekstur á einbreiðri brú yfir Hoffellssá án þess þó að slys yrðu á fólki en brúin var lokuð meðan unnið var að því að fjarlægja ökutækin af henni. Bæði öökufær.

Þann 2. desember hrundi þak á húsnæði sem nýtt er til

geymslu á hjólhýsum, húsbílum og tjaldvögnum á bænum Mön í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Snjór hafði safnast fyrir á þakinu og síðan hlánaði og rigndi í snjóinn og þar með virðist þakið hafa brostið undan þunganum. Lögregla ásamt byggingarfulltrúa og fulltrúa frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafa rannsakað vettvang og hefur hann nú verið afhentur húsráðanda. Málið er áfram til rannsóknar hjá lögreglu en ljóst er að umtalsvert tjón hefur orðið á húsnæðinu og á munum innanhúss.

3 mál komu upp er varða ágreining inn á heimili eða heimilisofbeldi. Eru til rannsóknar og úrvinnslu með viðeigandi félagsmálafirvöldum eftir því sem við á í hverju máli.

Eins og kunnugt er hljóp úr Grímsvötnum í Gígjukvísl í liðinni viku. Hlaupið náði hámarki í gær og byrjaði að draga úr því strax sama dag. Búast má við að töluvert rennsli verði í Gígjukvísl meðan vatn er að tæmast undan jöklinum. Nú er hinsvegar fylgst með svæðinu áfram enda þekkt í sögunni að eldgos geti hafist í kjölfar léttingar þessa gríðarlega massa sem tæplega rúm kílómetrar af vatni af jöklinum leiðir af sér. Jarðskjálftar hafa mælst á svæðinu í morgun og er sú virkni umfram það sem telst venjubundið við svæðið án þess þó að nokkur leið sé að segja um hvað eða hvort hún sé fyrirboði um frekari virkni.

Hönnunarvefur
PRENTMETS ODDA
er kominn í loftið!

honnun.prentmetoddi.is

20% afsláttur

af öllum pöntunum út desember með kóðanum **OPNUN20**.



Á hönnunarvefnum getur þú sett upp **myndabækur**, **dagatöl**, **kort**, **nafnspjöld**, **ljósmyndir** og **stimpla** með einföldum hætti.



BYKO



Íslensk sígræn Stafafura

frá Skógræktinni



Stafafura
100-150 cm
4.650 kr.
vnr. 41140101

Stafafura
151-200 cm
8.950 kr.
vnr. 41140104

Trén eru ræktuð án eiturefna, enginn áburður er notaður við ræktun fyrir utan 10-15g á hvert tré við gróðursetningu. Flutningsleiðin er stutt og er stafafuran því mun umhverfisvænni kostur en innflutt tré. Að minnsta kosti 10 tré eru ræktuð í stað hvers trés sem fellt er sem jólatré.

Stafafura er vinsælasta íslenska jólatréð og er einstaklega barrheldin og ilmandi.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Skrauthengi champagne 8cm til þess að hengja á jólatré, Bíll, test og jólastafur. **695 kr.** | vnr. 42028127



Skrauthengi champagne 15cm til þess að hengja á jólatré. **395 kr.** | vnr. 42020906



Jólatrésstandur hæð 14,5 cm. tekur 0,9 l. af vatni. Fyrir tré max 2,6 m. **5.495 kr.** | vnr. 46308893

Þú finnur
**Jólagjafa-
handbókina**
á byko.is



Verslaðu á netinu á byko.is



BYKO
SELFOS
KOMDU Í HEIMSÓKN!



Kynning á tillögu að nýju aðalskipulagi Rangárbæings eystra 2020-2032

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, boðar sveitarstjórn Rangárbæings eystra til íbúakynningar á tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins. Kynningin verður haldin í félagsheimilinu Hvoli dagana 13.–15. desember nk., frá kl. 15:00–18:00, alla dagana. Á heimasíðu Rangárbæings eystra, www.hvolsvollur.is, undir flípanum skipulags- og byggingarmál er hægt að nálgast gagnvirka heimasíðu aðalskipulagsins, ásamt kynningarmyndbandi um notkun síðunnar.

Fylgja skal gildandi takmörkunum varðandi Covid-19.

F.h. Rangárbæings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Námskeið fyrir byggingamenn

Stafræn gæðastýring



Námskeið þetta er ætlað iðnmeisturum og byggingarstjórum sem vilja verða færir um að halda utan um eigin úttektir og alla verkferlaskráningu eigin verka sem og utnumhald allra gagna er viðkoma verkinu. Farið er yfir á mjög einfaldan hátt hvernig hægt er að framfylgja því sem stendur í lögum og reglugerðum um eigin úttektir með stafrænum verkfærum. Unnið verður með gæða- og verkefnastýringarkerfið Ajour.

Kennari: Jóhannes Unnar Barkarson byggingafræðingur.
Staðsetning: Austurvegur 56, Selfossi.
Tími: Fimmtudagur 15. desember kl. 16.00 – 18.00.
Verð: Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar og skráning
á idan.is og í síma 590 6400.

15. des.



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is

Hangikjöt

Helsti hátíðarmatur Íslendinga um aldir hefur verið hangikjöt. Birkireykta hangikjötið frá SS er sígilt og löngu landsþekkt. Það er aðeins framleitt úr fyrsta flokks hráefni sem gerir það mjúkt, safaríkt og hæfilega bragðmikið. Við reykingu á Birkireykta SS hangikjötinu er notað íslenskt birki.



Hangikjöt eldunarleiðbeiningar: Setjið hangikjötið í kalt vatn (gott að bæta 1-2 msk. af sykri í vatnið). Látið suðuna koma upp og sjóðið við vægan hita í 25-30 mín. pr. kg. Slökkvið undir og látið standa áfram á hellunni í lokuðum potti í 2 klst. Færið kjötið upp úr pottinum og setjið strax í kæli.

Gott meðlæti: Uppstúfur, soðnar kartöflur, grænar baunir og rauðkál.

Uppskrift að uppstúf:

60 gr. smjör
60 gr. (1 dl) hveiti
u.þ.b. 750 ml mjólk.
1 msk. sykur
1 tsk. salt
Safi af grænum baunum (má sleppa)
¼ tsk. múskat og hvítur pipar á hnífsoddi ef vill.

Bræðið smjórið í potti og hrærið hveitið saman við. Hellið mjólkinni saman við 1-2 dl. í senn og hrærið rösklega með þisk allt þar til jafningurinn er orðinn hæfilega þunnur. Bæti þá sykri og salti út í og múskati og hvítum pipar ef vill. Gott að bragðbæta með safi af grænum baunum út í en þá er notuð minni mjólk á móti.

Hamborgarhryggur

Kjötmeistarar SS leggja sig fram við að velja einungis kjötmestu og fallegustu svínahryggina í SS hamborgarhrygg. SS hefur framleitt hamborgarhryggi í hartnær heila öld og byggir reyking þeirra á gamalli og faglegðri hefð sem fer fram í nútíma tölvustýrðum reykofnum sem tryggja jafna og góða reykingu.



Hamborgarhryggur eldunarleiðbeiningar:

Í ofni: Hitið ofn í 150°C, setjið hrygginn í ofnskúffu með u.þ.b. 1 lítra af vatni. Eldið í 70 mín. pr. kg.

ATH: Ef soðið klárast bætið við soðnu vatni í skúffuna. Sigtíð soðið og geymið fyrir sösu.

Í steikarpotti í ofni: Hitið ofninn í 120°C. Setið hrygginn í steikarpott með u.þ.b. 1 lítra af vatni. Eldið í 2 tíma og 15 mín. í lokuðum steikarpotti. Sigtíð soðið og geymið fyrir sösu.

Í potti: Setjið hrygginn í pott með köldu vatni, látið suðuna koma upp og sjóðið rólega í 50 mín. Slökkvið undir pottinum og látið bíða í 30 mín.

Gljái: 100 gr. púðursykur, 2 msk. Dijon- sinnep, 1 msk., hunang, ½ egg. Öllu hrært saman. Þegar hryggurinn hefur verið eldaður er gott að hjúpa hann með gljáanum og elda í u.þ.b. 10-15 mín. til viðbótar, eða þar til gljáinn er farinn að brúnast.

Látið hrygginn standa í upp 15 mín. áður en hann er skorinn. Kjöthitamælir á að sýna 68°C, óháð eldunaraðferð.

Jólahugvekja

Eru jólin komin hér? - Og hér?

Er líða fer að jólum
lífna í brjósti mér og þér
ljós kærleika og kyrrðar
því Kristur fæddur er.
Guðbjörn Arngrímsson

Nóvember hefur heilsað og það eru nokkrar vikur þangað til aðventan hefst. Lítil vinur minn er á leiðinni heim úr leikskólanum í bílnum með mömmu sinni. Ljósum skreytt húsin fanga athygli hans og spurningarnar streyma fram. Mömmu hans verður svara fátt, enda margir dagar til jóla og hún hugsar um það sem helst þarf að gera fyrir jólin á hennar heimili. Þennan daginn er vinur minn fljótur út úr bílnum, hleypur að dyrunum, opnar og kallar: „Pabbi, pabbi, viltu sækja jólin okkar?“

Á aðventu undirbúum við komu frelsara okkar Jesú Krists og minnumst fæðingar hans á jólum. Það gerum við hvert og eitt okkar með þeim hætti sem okkur hentar best. Nánast allir vilja gera sér dagamun, færa heimilið í sparibúning, borða góðan mat, gefa gjafir og eiga notalegar stundir með fjölskyldu og vinum. Talað er um jólin á ýmsan hátt, sem hátíð ljóss og friðar, kærleikans hátíð, fjölskylduhátíð og hátíð barnanna.

En hvað færir okkur jólin? Hvert „sækjum“ við jólin?

Öll eigum við minningar í huga okkar og hjarta, sem tengjast okkar bernskujólum. Flest eigum við góðar og kærar

minningar en sum eiga erfiðar og sárar minningar tengdar jólahaldi bernskunnar. Minningar sem vekja ekki gleði og hlýju í hjarta. Oft reynist það erfitt á fullorðinsárum að takast á við tilfinningar sem tengjast jólum en það getur gefið frið í huga og sál að fara í gegnum minningarnar og tilfinningarnar sem þær vekja.

Þegar ég hugsa til jólanna á mínu bernskuheimili, kemur andinn fyrst upp í hugann. Andi gleðinnar og kærleikans. Það var gaman að undirbúa jólin. Tiltekt í herberginu sínu, fá að gera kort til að senda ömmum og öfum og baka piparkökur, vanilluhringi og mömmukökur. Dýrmætast í minningunni er tíminn sem foreldrar mínir gáfu mér og athyglin sem ég fékk á aðventunni og á sjálfri jólahátíðinni.

Ég upplifði nærveru foreldra minna og að ég ætti skjól. En eftir að ég er orðin fullorðin veit ég hvað það er ótrúlega dýrmætt – að eiga skjól. Stað þar sem maður fær að vera maður sjálfur og nær-ist bæði líkamlega og andlega. Eiga stað þar sem maður fær að vaxa og þroskast í samskiptum við aðra og lærir að lifa með sjálfum sér.

Þegar ég var barn fannst mér jólin komin þegar hringt var kirkjuklukkunum í Dómkirkjunni í útvarpinu. Fjölskyldan settist í sparifötunum við borðstofuborðið, pabbi las jólaguðspjallið og við óskuðum hvert öðru gleðilegra jóla. En ótvírætt merki þess að stutt væri til jóla

var brasið við jólatréð á Þorláksmessu. Oftast kom jólatréð úr skógrækt í Vatna-skógi og við höfðum valið það sjálf. Oftar en ekki þurfti að saga af því neðstu greinarnar og mjókka stofninn svo það kæmist ofan í fótinn. Ekki var minnsta verkið að fá tréð til að standa beint, en allt hafðist það að lokum og yndislegur greniilmur barst um húsið.

Við systkinin skreyttum tréð með ljósum, stjörnu, kúlum og öðru skrauti. Skrautið sem við setjum á jólatréð hefur sín tákni og merkingu: Jólatréð er grænt og lifandi. Það minnir okkur á Jesú sem sigraði dauðann. Stjarnan minnir okkur á Betlehemsstjörnuna sem vísaði vitringunum veginn til Betlehem. Ljósaseriurnar minna okkur á Jesú sem er ljós heimsins. Jólakúlurnar minna okkur á ávexti, en ávextir kærleikans eru meiri kærleikur, gleði, friður, gæska og góðvild og þessa eiginleika eigum við að rækta með okkur og ástunda. Jólápokar sem oft eru hengdir á jólatré minna okkur á þá gjöf sem Guð færði okkur þegar hann sendi okkur son Jesú Krist. Englarnir minna okkur á alla englana sem koma við sögu í jólaguðspjallinu, engilinn sem sagði Maríu að hún myndi eignast son, engilinn sem birtist Jósef í draumi og englana sem fluttu hirðunum fréttirnar um fæðingu frelsarans. Allt annað skraut sem er á trénu minnir okkur á jólagleði og gjafmildi.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar stendur yfir nú á aðventunni líkt og undanfarin ár. Yfirskrift hennar í ár er Hjálpumst að og er safnað fyrir verkefnum jafnt innan lands sem utan. Áhersluverkefnið innanlands er aðstoð við fólk sem býr við kröpp kjör svo það geti gert sér dagamun yfir jólahátíðina. Fyrir jólin í fyrra aðstoðaði Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar vítt um landið samtals 1707 fjölskyldur og gert er ráð fyrir að umsækjendur verði ekki færri fyrir þessi jól. Fólkíð fær inneignarkort fyrir matvöru, sparifatnað, jóla- og skógjafir fyrir börnin og fleira.

Með því að styðja söfnunina eða annað starf til hjálpar náunganum eflum við friðinn innra með okkur og aukum trúna, kærleikann og vonina í eigin brjósti. Við hjálpumst að við að færa gleði og vel-líðan inn í líf barna og fjölskyldna þeirra.



Æ oftast heyrir að íslenskum börnum líði ekki nægilega vel. Mörg una sér illa í skólanum og ná ekki fótfestu í daglegu lífi. Við berum öll ábyrgð á líðan barna. Við erum þeirra fyrirmyndir og þau læra hvað er rétt og rangt í samskiptunum við okkur. Það er gott að nema staðar og spyrja hvernig er búið að börnum í mínu nánasta umhverfi, í mínu bæjarfélagi? Hvað er vel gert og hvað má betur fara?

Allir foreldrar vilja það besta fyrir börnin sín og fæstir vilja spara við þau í gjöfum og góðgæti á jólum. Ég held að við getum verið sammála um að besta gjöfin þessi jólin sé samvera fjölskyldunnar – nærvera, athygli og tími sem foreldrar, ömmur og afar veita börnum sínum og barnabörnum. Við skulum hafa hugfast að tími er ekki eitthvað sem maður á, heldur það sem maður tekur sér. Tökum þátt í að skapa gleðilegar og bjartar minningar tengdar jólum og undirbúningi þeirra í hugum barnanna.

Jólin sækjum við fyrst og fremst í okkar eigin huga og hjarta. Við njótum og yljum okkur við ljúfar og góðar minningar tengdar jólum, njótum samveru með fjölskyldu og vinum og þess að lýsa upp skammdagi með ljósum eiginlegum og óeiginlegum, ljósum kærleika og kyrrðar. Megir þú njóta elsku og friðar á jólum.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

*Sigríður Munda Jónsdóttir,
sóknarprestur í
Þorlákshafnarprestakalli*



Þorlákskirkja. Mynd: olfus.is

Íþróttir

Silfur og brons á evrópumóti í hópþímleikum

FIMLEIKAR Iðkendur fimleikadeildar Selfoss sem kepptu á Evrópumótinu í hópþímleikum dagana 1. – 4. desember í Portugal náðu stórkostlegum árangri með liðum sínum, þau komust öll á verðlaunapall. Stelpurnar okkar í stúlkaliði Íslands hlutu silfurverðlaun eftir frábærar æfingar á öllum áhöldum, aðeins 0,1 stig á eftir liði Svíþjóðar sem urðu Evrópumeistarar. Sindri Snær sem keppti með blönduðu liði unglunga hafnaði í 3. sæti með liði sínu sem stóð sig einstaklega vel í harðri keppni. Árangur íslensku liðanna er eftirtektarverður en Ísland átti 4 lið á mótinu, 2 lið í unglungaflokkum og 2 í fullorðinsflokkum og komust þau öll á verðlaunapall. Kvennaliði Íslands vann Evrópumeistaradaginn og karllandi Íslands hafnaði í 2. sæti en í því liði er Eysteinn Máni sem er uppalinn hér á Selfossi. Fimleikadeild Selfoss er afar stolt af sínum iðkendum og óskar þeim innilega til hamingju árangurinn á Evrópumótinu.

Shooting star verðlaun hafa verið veitt á mótinu frá árinu 2018 sem einn fimleikamaður og ein fimleikakona hljóta. Verðlaunin miða að því að setja fimleikafólkið með einstaka sögu í sviðsljósið. Auður Helga Halldórsdóttir hjá fimleikadeild Selfoss er 16 ára gömul og hlaut verðlaunin þetta árið. Auður Helga er ekki aðeins frábær fimleikakona í landsliði Íslands, hún er einnig hæfileikarík knattspyrnakona og hefur einnig verið valin í landsliðsverkefni þar auk þess sem hún á glæstan feril í frjálsum íþróttum. Fyrir utan íþróttahæfileika sína spilar Auður Helga á flautu og sinnir skólanum af kostgæfni. Hún er mikil fyrirmynd og innblástur fyrir komandi kynslóð. Fimleikadeildin óskar Auði Helgu til hamingju.



Mynd: Jarno Nurminen (@nurminenvisuals)

Hlynur Torfi með sinn fjórða sigur

MMA Um mánaðarmótin sl. vann Sunnlendingurinn Hlynur Torfi Rúnarsson sinn fjórða MMA bardaga. Hlynur mætti heimamanninum og „fan favorite“ Elmo Peltonen sem er gríðarlega öflugur reynslubolti með K1 Kickbox Finnlands meistaratitil og silfur árið 2020 í Finnlandsmeistaradagnum áhugamanna MMA. Bardaginn fór allar þrjár loturnar og var rosalega jafn. En með þrautsegju labbaði hann í burtu sem sigurvegari, eftir einróma ákvörðun dómara.

Hlynur hefur búið og keppt út í Finnlandi í um það bil 1 ár og 3 mánuði. Fram að þess-

um bardaga höfðu allir bardagarnir hans klárast í fyrstu lotu. Gaman verður að fylgjast nánar með Hlyni framtíðinni, en greinilega hörku bardagamaður þarna á ferð.



Selfoss vængjum þöndum

HANDBOLTI Strákarnir gerðu góða ferð á Hlíðarendu á laugardag, þar lögðu þeir Valsara í hörku Olísdeildarslag, 28-26.

Selfyssingar mættu tilbúnir til leiks og skoruðu fyrstu tvö mörkin, en mikið jafnræði var á með liðunum allan hálfleikinn. Undir Lok fyrri hálfleiks sigu Selfyssingar svo framúr og leiddu í hálfleik 12-14. Selfyssingar héldu þessu forskoti inn í miðjan seinni hálfleik þegar heimamenn bættu aðeins í vörnina og komust yfir 19-18 eftir fjórtúu og eina mínútu. Það reyndist í eina skiptið sem Valur voru yfir í seinni hálfleik, en Selfyssingar tóku öll völd og náðu fjögurra marka forystu sjö



mínútum síðar, 20-24. Valsarar gerðu hvað þeir gátu til að brúa bilið, en allt kom fyrir ekki og öflugur sigur Selfyssinga staðreynd. Lokatölur 28-26.

Við þessi úrslit fer Selfoss upp um eitt sæti og eru nú í 6. sæti deildarinnar með 12 stig. En næsti leikur strákanna er gegn FH í Kaplakrika næstkomandi föstudagskvöld.

Frábær sigur á Víkingum

HANDBOLTI Selfoss sigraði Víkinga í Set-höllinni í Grill 66 deild kvenna í kvöld með 8 mörkum, 29-21.

Fyrri hálfleikur hjá Selfyssingum var hreint út sagt frábær, bæði sóknar- og varnarlega. Selfoss náði hægt og bítandi að ná 9 marka forystu, 12-3, eftir um 17 mínútna leik. Mestur varð munurinn 11 mörk í stöðunni 15-4 og 16-5 undir lok fyrri hálfleiks. Selfoss leiddi í hálfleik með níu mörkum, 16-7. Munurinn hélst áfram 8-9 mörk í seinni hálfleik og lokatölu 29-21.



Selfoss er því komið upp í 2. sæti Grill 66 deildarinnar með 11 stig. Næsti leikur er gegn Fram U þann 12. desember í Safamýrinni.

Davíð Kjartansson er Suðurlandsmeistari í skák

Opna Suðurlandsmótið í skák var haldið í Skyrgerðinni í Hveragerði helgina 27.–28. nóvember 2021. Á mótinu, sem Skáklélag Selfoss og nágrennis (SSON) stendur fyrir, er keppt um sæmdarheitið Suðurlandsmeistari og Suðurlandsriddarann sem útskurðarmeistarinn Sigríður Kristjánsdóttir (Sigga á Grund) skar út og Ingibjörg Jónasdóttir og Jónas og Vilhelm Henningssynir gáfu til minningar um Henning Frederiksen. Mótið er opið öllum en skilyrði þess að geta orðið Suðurlandsmeistari er þó að vera annað hvort félagsmaður í skáklélagi á Suðurlandi eða búsettur á Suðurlandi. Að þessu sinni var fyrirkomulag mótsins þannig að tefldar voru níu umferðir með 15 mínútna umhugsunartíma, auk 10 sekúndna fyrir hvern leik.

Fimmtán skákmenn mættu til leiks, þar af þrettán sem eru annað hvort félagsmenn skákléлага á Suðurlandi eða búsettir þar. Svo fór að alþjóðlegi meistarinn Davíð Kjartansson þar sigur úr bítum með fullu húsi vinninga. Segja má að Davíð hafi verið á heimavelli því hann býr í Hveragerði. Hann hampaði því Suður-



Davíð Kjartansson með Suðurlandsriddarann.
Mynd: Íris Tinna Margrétardóttir.

landsriddaranum í mótslok. Næstur honum kom alþjóðlegi meistarinn Vignir Vatnar Stefánsson með átta vinninga. Ingimundur Sigurmundsson hafnaði í þriðja sæti með sex og hálfan vinning. Sérstök verðlaun voru veitt fyrir bestan árangur þeirra sem voru 16 ára eða yngri. Þau komu í hlut hins efnilega Birkis Hallmundarsonar sem er átta ára.

-Þorsteinn Magnússon

Tilkynning frá kjörstjórn Framsóknarfélags Árborgar um lokað prófkjör.

Kjörstjórn Framsóknarfélags Árborgar tilkynnir hér með að haldið verður lokað prófkjör um efstu þrjú sætin á lista Framsóknar fyrir sveitastjórnarkosningarnar þann 14. maí 2022.

Framboðsfrestur á lista Framsóknar er til kl. 12:00 í hádeginu, föstudaginn 25. febrúar 2022. Þeir sem hafa áhuga á að bjóða sig fram eru hvattir til þess að senda yfirlýsingu þess efnis ásamt nafni, kennitölu og heimilisfangi á netfangið framsokn@framsokn.is fyrir þann tíma.

Allt flokksbundið framsóknarfólk sem er skráð í flokkinn fyrir miðnætti 9. febrúar 2022 og á lögheimili í sveitarfélaginu hefur kosningarétt í prófkjörinu, ásamt seturétt og atkvæðisrétt við endanlega samþykkt framboðslistans.

Kosning í prófkjörinu fer að lokum fram á kjörfundi sem haldinn verður laugardaginn 12. mars 2022.

Helstu dagsetningar eru eftirfarandi:

9. febrúar – Skráning í Framsókn fyrir miðnætti 9. febrúar til þess að geta greitt atkvæði í prófkjörinu.

25. febrúar – Framboðsfrestur rennur út kl. 12.00 á hádeg.

9.-11. mars – Kosið utankjörfundar.

12. mars – Kjörfundur þar sem kosið er um efstu 3 sætin í lokaðu prófkjöri.

17. mars – Félagsfundur, þar sem framboðslisti Framsóknar verður borinn upp til staðfestingar.

14. maí – Kosið í sveitarstjórnarkosningunum fyrir kjörtímabilið 2022-2026.

Nánari tímasetningar verða auglýstar síðar og gerður er fyrirvari um að framangreindar dagsetningar geta tekið breytingum.

Árborg, 28. nóvember 2021.

Kjörstjórn, f.h. Framsóknarfélagsins í Árborg,



Að vera í óvígðri sambúð

Jónína Guðmundsdóttir

Lögmaður
Velferð
Lögfræðipjónustu



Að vera í óvígðri sambúð er algengt sambúðarform á Íslandi. Fæstir, ef einhverjir, ætla sér annað en að sambúðin endist og margir hverjir stefna að því að ganga á endanum í hjónaband. Staðreyndin er þó sú að fjölmörg þör slíta óvígðri sambúð á hverju ári og margir hverjir eftir langan sambúðartíma.

Því miður er það algengur misskilningur að sömu réttarreglur gildi um sambúðarfólk og fólk í hjúskap/staðfestri samvist. Raunin er sú að afar ólíkar reglur gilda um þessi sambúðarform. Engin sér lög hafa verið sett um réttarstöðu sambúðarfólks eins og gilda um fólk sem er í hjúskap og er staða þessara tveggja hópa ekki sambærileg.

Ekki er til staðar erfðaréttur á milli sambúðaraðila eins og þeirra sem eru í hjúskap né réttur til lífeyrisgreiðslna eftir hinn skammlífi. Þá getur eftirlifandi maki ekki fengið að sitja í óskiptu búi eins og annars er hægt þegar aðilar eru í hjúskap. Aðstæðurnar geta því orðið þannig að eftirlifandi sambúðarmaki standi uppi í mjög erfiðri aðstöðu gagnvart erfingjum hins skammlífi.

Þegar kemur að skiptingu eigna við slit hjúskapar gildir svokölluð helmingaskiptaregla en hún felur í sér að hvor aðilinn fær helming nettó hjúskapareignar við fjárskiptin. Þessi regla gildir ekki við slit á sambúð en undir þeim kringumstæðum tekur hvor sambúðaraðilinn það sem hann átti þegar stofnað var til sambúðarinnar eða eignaðist meðan á henni stóð. Þannig skiptir formleg eignaskráning miklu, þ.e. hvernig skráningu og eignarhlutfalli er háttað í þinglýsingabókum vegna fasteigna og svo framvegis. Undir sérstökum kringumstæðum getur sambúðaraðili fengið viðurkenndan rétt til hlutdeildar í þeirri eignamyndun sem orðið hefur á fasteign á sambúðartímum sem hann ekki þinglýstur eigandi fasteignar.

Ef til staðar er ágreiningur um eignaskipti við slit sambúðar getur annar aðilinn eða báðir krafist opinberra skipta til fjárlíta á milli þeirra. Til þess að það sé heimilt verður sambúðin að hafa varað í að minnsta kosti tvö ár eða aðilar hafi eignast barn eða konan sé þunguð ef sambúð hefur varað í skemmri tíma.

Hægt er að gera ráðstafanir t.d. með erfðaskrá til þess að jafna réttarstöðu sína ef aðilar kjósa að vera einungis í skráðri sambúð en ekki í hjúskap en mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir réttarstöðu sinni sama hvaða búsetuform það velur.



MJÚKIR PAKKAR UNDIR JÓLATRÉÐ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



GLÆNÝR
JÓLABÆKLINGUR
Á WWW.RFL.IS



RÚMFATA
LAGERINN
SELFOSI

G
LEÐ
I **L** **E** **G**
J **O** **L** **O** **G**
F **A** **R** **S** **Æ** **L** **T**
K **O** **M** **A** **N** **D** **I**
ÁR

Eyravegi 7 • 800 Selfoss • Sími 482 1144
info@gleraugnagalleri.is • gleraugnagalleri.is
Erum líka á Facebook: gleraugnagalleri



Mynd: Silla Páls.

Englar – tvær stærðir

Þessir 3 englar komu svífandi til mín, svona líka gullfallegir.

Hönnuður og prjónari:
Guðrún Þórsdóttir.

Garn: Einfaldur plötulopi og svolítið af gylltu eða silfurlitu garni.

Prjónar: Sokkaprjónar nr. 4 og 4 ½

Trékúlur: 25 mm og 30 mm í þvermál

Skammstafanir: S = slétt lykkja, L = lykkja/lykkjur

Englarnir eru prjónaðir úr einföldum plötulopa eftir sömu uppskrift. Þeir minni á prjóna nr. 4 og stærri á prjóna nr. 4 ½. Það þarf ósköp lítið af lópanum.

Hérna er hann hvítur en gæti allt eins verið rauður, grænn og blár eða jafnvel bleikur!

Fitja upp 24 L á þrjá prjóna – (8 L á hvern því að lykkjurnar eru svo fáar).

Tengja í hring og prjóna 8 umf slétt.

Munstur

1. umf: *2 S saman, slá upp á*, endurtaka frá * til * út umferðina.

2. umf: S.

3. umf: *slá upp á, 2 S saman*, endurtaka frá * til * út umferðina.

Prjóna 8 umf S

Frágangur

Slíta frá og draga garnið í gegnum lykkjurnar (hef nú þráðinn tvöfaldan því að lopinn getur slitnað við átak). Ekki herða strax að.

Faldurinn rúllast upp og nú er vafið utan um hann með garninu sem nota á í geislabaug. Hafa u.þ.b. 1 ½ cm á milli spora þannig að kanturinn myndi „perluröð“.

Klippa niður 5 lengjur af lópanum u.þ.b. 25 cm langar. Hnýta góðan hnút á opna endann.

Draga lykkjuna sem myndast í gegnum gatið á tréperlunni að hnútnum með heklunál.

Setja hnútinn inn í hálsmálið á kjólnum og nú er komið að því að draga saman lykkjurnar fyrir ofan hnútinn og herða að. Ganga frá endum.

Vængirnir eru gerðir þannig að vafin er hönk utan um fjóra finger – ég gerði 8 sinnum.

Vefja næst utan um miðjuna og festa á kjólinn ofanverðan.

Þá er aðeins eftir að hekla lengju í geislabaug, festa í hring, ganga frá endum og setja á engilinn. Það má setja smá límdropa til að festa geislabauginn, svo að hann fari ekki á flakk.

Uppskrift fengin úr Húsfreyjunni
4. tölublað, nóvember 2016.

Bláskógarbyggð

Kæru Sunnlendingar!
Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári! Þökkum fyrir góðar stundir á liðnu ári.

Mýrdalshreppur

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári! Þökkum fyrir góðar stundir á liðnu ári.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Gómsætir súkkulagðikossar



Mynd: Silla Páls.

Botnar

250 g mjúkt smjör við stofuhita
150 g sykur
40 g kakó
½ tsk salt
300 g hveiti
½ tsk matarsóði
½ tsk lyftiduft

Aðferð: Hitið ofn í 170°C með blæstri, annars 190°C. Blandið öllu saman í hrærivél þar til deigið er komið vel saman. Takið um það bil eina teskeið af deiginu og rúllið í kúlu. Setjið á smjörpappírsklædda bökunarplötu, þrýstið kúlunni niður með fingrunum, athugið að hafa kökurnar ekki mjög þykkar því að þær renna nánast ekkert út. Bakið í 15 mínútur. Takið úr ofninum og látið kólna alveg. Kökurnar eru mjúkar þegar þær eru teknar úr ofninum en verða alveg stökkar þegar þær kólna.

Krem

150 g smjör
250 g flórsykur
2 msk rjómi
1 tsk vanilluextract

Aðferð: Þeytið allt vel saman og sprautið eða smyrjið á kælda köku og leggið aðra köku ofan á.

Uppskrift fengin úr Húsfreyjunni
4. tölublað, nóvember 2016.



Bæjarstjórn og starfsmenn Hveragerðisbæjar senda hugheilar jólakveðjur til þín og þinna með ósk um hamingju og góða heilsu á nýju ári. Við þökkum skemmtilegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

Þökkum fyrir liðandi ár

Gefðu gjöf sem gleður allt næsta ár

Húsfreyjan

er frábær jólagjöf

Ársáskrift árið 2022 er 5.900 kr.

Falleg gjafabréf í boði

Hafið samband við skrifstofu Kvenfélagasambands Íslands:
husfreyjan@kvenfelag.is - sími 552 7430

Það er snjallt að gefa árskrift að Húsfreyjunni í jólagjöf. Húsfreyjan er jákvætt og hvetjandi tímarit sem er bæði hluti af menningu og sögu íslenskra kvenna og nútímalegt, fróðlegt og fjölbreytt. Hún er á óskalista margra kvenna sem hafa áhuga á lífsstíl og líðan, handavinnu og matargerð. Í Húsfreyjunni eru fróðleg og gefandi viðtöl við konur víðs vegar að af landinu.

Húsfreyjan kemur út fjórum sinnum á ári; í febrúar, maí, september og nóvember. Er í boði bæði prentuð og heimsend til áskrifenda og rafræn.



JÓLASÝNING

fimleikadeildar Selfoss 2021

Jól í Árvintýralandi

1. sýning 10:00

2. sýning 12:00

Íþróttahúsi Vallaskóla

11. desember 2021

Miðasala fer fram á tix.is

2000 kr. fyrir 12 ára og eldri

500 kr. fyrir 6-11 ára

Ath. framvísa þarf neikvæðu COVID-19 hraðprófi fyrir viðburðinn. Hægt er að fara í hraðpróf í kjallara Krónunnar. IceMedica verður með hraðpróf í Vallaskóla (gengið inn frá Engjavegi) 9. og 10. des frá 15:00-18:00. Skráning fer fram á www.selfoss.net/umfs/leidbeiningar-um-skraningu-i-hradprof-hja-icemedica-i-vallaskola-9-og-10-desember-v-jolasyningar/

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.

Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



Nýjar sóttvarnreglur hafa tekið
gildi og við tökum að sjálfsögðu
tillit til þeirra.

Öll starfsemi, námskeið og
samkomur, eru í höndum
viðkomandi stjórnenda.
Mínum á heimasíðu FEBSEL
og Facebook, þar sem allar
tilkynningar birtast.

Munum að sýna ábyrgð -
grímur og sprit og virðum
fjarlægðarmörk

MINNUM FÉLAGA Á
AÐ GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN
FYRIR ÁRAMÓT.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KB Bókhaldsþjónusta

Bókhald • Launavinnslur
Stofnun fyrirtækja
Framtöl • Skattframtöl o.fl.

Persónuleg þjónusta við
einstaklinga og fyrirtæki.

Katrín Hjálmarsdóttir
viðurkenndur bókarí
kotubok@simnet.is • S. 865 8431

ÞJÓNUSTA



BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Aðventistar:

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 11. des-
ember. Biblíulexíur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12. Elías
Theódórsson verður með
ræðu. Verið velkomin.

Selfosskirkja

Jólaball sunnudagaskólans
sunnudaginn 12. desember kl.
11:00.

Aðventukvöld sunnudaginn
12. desember kl. 20:00,
Kirkjukórinn syngur, einsöngur
Þóra Gylfadóttir, organisti Edit
A. Molnár, prestur Guðbjörg
Arnardóttir. Grímuskýlda og
hleypt inn kirkju og safnaðar-
heimili samkvæmt gildandi
fjöldatakmörkunum.

Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15 og
lestur Aðventu eftir Gunnar
Gunnarsson.

Kyrrðarstund miðvikudaga
kl. 17:00.

Eyrarbyggakirkja

Samverustund með börnum /
Sunnudagaskóli laugardaginn
11. desember kl. 11:00. Umsjón
Guðbjörg Arnardóttir.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

prentmetoddi.is
honnun.prentmetoddi.is



FUNDIR

Vöflukaffi

Síðasta vöflukaffi ársins verður næsta laugar-
dag 11. des á milli kl. 11 og 12 á Eyravegi 15.

Það verður hátíðarstemning og gestir okkar
eru Bjarni Harðarson, bóksali og útgefandi,
Guðni Ágústsson, fyrrv. ráðherra og rithöfund-
ur og síðast en alls ekki síst mun séra Óskar í
Hruna færa okkur jólaboðskap fyrir hátíðina.

Muna grímuskýlduna.

Kristjana Stefáns er næsti
gestur Tómasar

Hljómberðsleikarinn Tómas
Jónsson hefur verið að telja
niður í jólin með tónleikaröð á
aðventunni þar sem hann fær til
sín góða gesti sem allt er stór-
kostlegt tónlistarfólk. Hann er
nú hálfnaður sem þýðir að það
styttest í jólin en síðustu helgar
komu Bríet og tónlistarmaður-
inn og þjóðargersemin KK til

Þorlákshafnar og héldu stór-
skemmtilega tónleika.

Sunnudaginn 12. desember
kl. 16 er það Kristjana Stefáns
sem syngur með Tómasi af
sinni alkunnu snilld og síðastur
er Júníus Meyvant sem lætur
ljós sitt skína 19. desember.
Miðaverð er 3500 kr. og miða-
sala er á tix.is.

Inga Maja með sýningu
í Hveragerði

Nú stendur yfir sýning á mál-
verkum Ingu Maju Sverris-
dóttur á Bókasafninu í Hvera-
gerði. Inga Maja er fædd á Nes-
kaupsstað árið 1956. Hún lauk
fimm ára námi í skúlpúr frá
Emerson College í Englandi árið
2002 en hefur einnig sótt mörg
námskeið í leirlist, málun og
teikningu. Hún hefur haldið sýn-
ingar á Englandi, Spáni, Noregi

og Íslandi. Síðustu ár hefur Inga
Maja einbeitt sér að olíumálun
og verkin á þessari sýningu eru
unnin með olíu og köldu vaxi.

Sýningin, sem er sölusýn-
ing, mun standa fram í miðjan
desember og er opin á sama tíma
og bókasafnið; mánudaga kl. 11-
18:30, þriðjudaga-föstudaga kl.
13-18:30 og laugardaga kl. 11-
14.





Pylsuvagninn Selfossi

Glæsileg tilboð til jóla







KALKÚNAPÍTA
KALKÚNASAMLOKA
 + gos
kr. 1.490,-

RISTUÐ
BREIÐLOKA
 + gos
kr. 1.490,-





HAMBORGARI
 m/osti, grænmeti eða 9
 öðrum tegundum að eigin vali.
 Franskar + gos
kr. 1.830,-

KJÚKLINGA-
BORGARI
 + gos
kr. 1.490,-

PÍTA M/BUFFI
 franskar + gos
kr. 1.830,-

SÆTKARTÖFLU-
FRANSKAR

FJÖLSKYLDU-
TILBOÐ
 4 hamborgarar, franskar
 og 2 l gos
kr. 5.450,-

SAMLOKA
 m/skinku og osti + gos
kr. 960,-

KJÚKLINGATORTILLA
 eða
TORGKJÚKLINGABORGARI
 + gos
kr. 1.620,-

Erum með
veganpylsur og
-hamborgara



Allir okkar
hamborgarar eru
steiktir beint á pönnu



Hlökkum til að sjá ykkur!
Stelpurnar

Fjarsjóðsleit í desember

í boði Færni til framtíðar

„Hvetjum ykkur til að fylgja Færni til framtíðar á FB og instagram undir sama nafni. Allskonar skemmtilegur fróðleikur og hugmyndir af hreyfingu og samveru fyrir alla fjölskylduna. Munum að njóta saman í desember og ekki gleyma að leika okkur.“






Jólasvein í glugga 	Stjörnu í glugga 	Jólatré í glugga 	Hús með rauða seríu 
Snjókall í glugga 	Engil í glugga 	Hreindýra skreytingu 	Jólakrans á útihurð 
Hús með græna seríu 	Skreytingu í öllum gluggum 	Fótspor dýra 	Skreytt tré í garði 

Færni til framtíðar





Glæsileg jóladagskrá í Bókakaffinu á Austurvegi, Selfossi:

Snuðra og Tuðra, Þórarinn Eldjárn og aðrar kanónur

Það er stór vika framundan í Bókakaffinu. Austurvegi 22 á Selfossi þar sem stórkanónur úr bókmenntaheiminum mæta á fimmtudagskynningu og á sunnudag verða svo Snuðra og Tuðra á staðnum og skemmta ásamt Dórotheu Ármann barnabókarhöfundu. Í Bókakaffinu er gætt vel að sóttvörnum og aldrei mjög margir inni á staðnum í senn.

Snuðra og Tuðra (Hera og Elín) mæta í Bókakaffið klukkan 14 sunnudaginn 12. des. og verða þar í jólasapi, spila á píanóid og syngja jólalög. Þá mætir Dórothea Ármann í Friðheiminum sem sent hefur frá sér bókina Jólahátíð í Björk.

Fimmtudagskvöldið 9. des. mætir stórsveit rithöfunda og les upp en þeir sem vilja mæta eru vegna sóttvorna beðnir um að



Harpa Rún, Þórarinn, Ingólfur, Bergsveinn og Berlind María.

skrú sig til þátttöku á netfanginu bokakaffid@bokakaffid.is eða um síma 482 3079. Aðeins 25 gestasæti eru í húsinu og því ekki hætta á örtröð en þeir sem eru seinir með skráningu gætu orðið af því fá sæti.

Höfundarnir sem mæta að þessu sinni eru reynsluboltarnir Þórarinn Eldjárn og Bergsveinn Birgisson, ungskáldin Harpa Rún Kristjánsdóttir og Ingólfur Eiríksson og svo síðast en ekki síst þær stóllur dr. Berglind María Tómasdóttir og hennar hliðarsjálfr Rockriver Mary.

Upplestur og uppákomur margskonar. Kakó, smákökur og jólastemning.

Höfundarnir kynna eftirtalin verk:

Berglind María Tómasdóttir - *Tvisöngur á bók, geisladisk og segulbandsspólu*
Ingólfur Eiríksson - *Stóra bókin um sjálfsvorkunn.*
Harpa Rún Kristjánsdóttir - *Kynslóð.*

Bergsveinn Birgisson - *Kolbeinsey.*
Þórarinn Eldjárn - *Umfjöllun.*



Dórothea Ármann í Friðheiminum hefur skrifað gullfallegar jólaminnningar ömmu sinnar og nöfnu og sett í bók. Jólatexti sem kemur jafnvel versta jólaskröggi í jólasapi.



Í Bókakaffinu, leiknonan Hera Fjölvisdóttir í hlutverki Snuðru litlu og Anna Björk Eyvindsdóttir afgreiðslukona.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSÍ - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

JÓLABÓKADAGSKRÁ Í BÓKAKAFFINU
★ á fimmtudagskvöld
★ og á sunnudag
Sjá nánar á bokakaffid.is
Bókakaffið
Bókakaffið | Austurvegi 22 | 800 Selfoss

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is